

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Norður-Múlasýslu um óupptæk 103
veiðarfæri botnvörpu-veiðimanna. — Út af þóknanlegu brjefi yðar, herra sýslu- 26. ág.
 maður, dags. 12. f. m., þar sem þjer spyrjizt fyrir um það, hvort rjett sje að
 taka af botnvöru-veiðimönnum, er sekir verða um ólöglega veiði, stáltrássu þá,
 er netið er dregið í á eptir skipinu, þegar skipin einnig nota trássu þessa sem
 akkerisfesti, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar,
 að þegar skipin ekki hafa aðrar nægar akkerisfestar, heldur en hina umræddu
 stáltrássu, ber ekki að gjöra hana upptæka ásamt hinum öðrum veiðarfærum.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um toll af aldinvínum. — Út 104
 af fyrirspurn frá Þórarni kaupmanni Tulinius þess efnis, hvort svara beri að- 30. ág.
 flutningsgjaldi af aldinvínum, sem til eru búin í Danmörku, þegar þau eru flutt
 til Íslands, hefur ráðaneytið í dag tjáð spyrjanda, að jákvæði beri við að greiða,
 með því að telja verði aldinvín til þeirra »annara vínfanga«, sem um ræðir í
 4. málslíð 1. greinar í lögum 7. nóv. 1879 um breyting á lögum um gjald á
 brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, dags. 11. febr. 1876 og tilsk. 26. febr.
 1872, en af þeim ber að greiða 45 aura af hverjum potti, ef þau eru flutt í
 ílátum, stærri en svo, að þau rúmi 2 merkur, en sjeu þau flutt í minni ílátum,
 skal greiða 45 aura af hverjum 3 pelum.

Þetta tilkynnist yður hjer með, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar
 leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

Fiskiveiðasamþykkt.

105
 31. ág.

Sýslunefndin í Strandasýslu hefur samkvæmt lögum 14. desbr. 1877, um
 ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lögum 4. desbr. 1886,
 um breyting á fyrnefndum lögum, gjört eptirfylgjandi

S a m þ y k k t,

sem hefur inni að halda breyting á 1. gr. samþykktar um hákarlaveiðar á opn-
 um skipum í Strandasýslu, 20. október 1888.

Á tímabilinu frá 1. desembermán. til 25. marzmán. ár hvert má enginn,
 sem stundar hákarlaveiðar á opnum skipum í Strandasýslu, sleppa neinu af há-
 karli (skrokkum eða innýflum) í sjó án þess lífs-naúðsyn liggi við.

*

*

*

Samþykkt þessi er hjer með staðfest af undirskrifuðum amtmanni til
 þess að öðlast gildi 1. desembermán. 1895.

Íslands Vesturamt, Reykjavík 31. ágúst 1895.

J. Havsteen.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um 106
sveitfesti þurfalings. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra amt- 9. sept.

10. dag októbermán. 1895.